PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288


Fasteignasala
Í Fjallabyggð
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og viðskiptalögfræðingur
S: 690-7282
arndis@fasteignamidlun.is

40. tbl. 36. árg. 27. nóv. 2024

Samfylkingin

S



# Íbúar Fjallabyggðar!

## Sæunn Gísladóttir skipar 3. sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi

Sæunn er 31 árs, búsett í Fjallabyggð á Siglufirði. Gift Agli Sigurðssyni Edwald og saman eiga þau Snæfríði leikskólastelpu á Leikskálum. Sæunn er hagfræðingur að mennt frá St. Andrews háskóla í Skotlandi. Sæunn vinnur í dag sem sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri.

„Við hér í Ólafsfirði og á Siglufirði vitum hversu mikilvægt er að fjárfest sé í innviðum. Í Fjallabyggð eru 24% af öllu jarðgangakerfi Íslands – eða þrenn jarðgöng. Tvö þeirra eru algjörlega úrelt með einbreiða akstursstefnu og standast engan veginn nútíma öryggiskröfur. Við þurfum því stórátak í innviðafjárfestingum til þess að tryggja nauðsynlega uppfærslu á úreltum samgöngumannvirkjum.“

**Setjum X við samgöngur með því að setja X við Sæunni þann 30. nóvember.**

Samfylkingin

S



## Kosningakaffi Samfylkingarinnar

Verið velkomin í kosningakaffi á kjördag kl. 14–17
í sal Einingar Iðju, Eyrargötu 24 B, Siglufirði

Við bjóðum upp á akstur á kjörstað, sími 861 5949

Píla - Boltinn - Viðburðir

Gleði Stund

Segull 67 BREWERY

Milli 17-19

Bjór - Kaffi - Vín - gos

opið

| | | |
|---|---|---|
| Mið | : | 16 - 18 |
| Fim | : | 16 - 22 |
| Fös | : | 14 - 22 |
| Lau | : | 14 - 22 |
| Sun | : | 14 - 18 |



# AFLIÐ

**Aflið veitir fría ráðgjöf til þolenda ofbeldis og aðstandenda þeirra.**

**Nú er hægt að koma í ráðgjöf á Siglufirði.**

noona.is/aflidak - aflidak@aflidak.is - sími: 461-5959

Akureyri - Blönduós - Egilsstaðir - Húsavík - Reyðarfjörður - Siglufjörður

# Tendrum ljósin á jólatrénu

## á Ólafsfirði laugardaginn 30. nóvember við Tjarnarborg kl. 16:00

- Hátíðarávarp - Alda María Traustadóttir
- Börn úr leikskólanum Leikhólum syngja jólalög
- Eva Karlotta; Ragna Dís og Fannar Þór verða á ljúfu nótunum
- Olivia Vieira Thomas nemandi í leikskólanum Leikhólum tendrar ljósin á jólatrénu
- Hó Hó Hó ! Jólasveinarnir kíkja í heimsókn

Tjarnarborg
Jólamarkaður
Kl. 13:00-16:00

## á Siglufirði sunnudaginn 1. desember á Ráðhústorginu kl. 17:00

- Hátíðarávarp - Daníel Pétur Baldursson
- Börn úr leikskólanum Leikskálum syngja jólalög
- Eva Karlotta; Ragna Dís og Fannar Þór verða á ljúfu nótunum
- Bríet Stefanía Ástþórsdóttir nemandi í leikskólanum Leikskálum tendrar ljósin á jólatrénu
- Hó Hó Hó ! Jólasveinarnir kíkja í heimsókn



Gleðilega hátíð

XF

# Oddvitar

# Flokks Fólksins




**Vilt þú þingmann sem setur framtíð Fjallabyggðar ofar sérhagsmunum einstaka stórfyrirtækja?**

**Vilt þú þingmann sem tryggir að íbúar Fjallabyggðar geti um alla framtíð nýtt nálæg fiskimið, þrátt fyrir andstöðu sérhagsmunasamtaka sem vilja þess vegna geta selt nýtingaréttinn úr landi?**

**Vilt þú þingmann sem beitir sér fyrir því að opinber starfsemi í Fjallabyggð á borð við HSN, leiti markvisst eftir þjónustu í heimabyggð og staðsettur sé sjúkrabíll í Ólafsfirði?**

***Ef svarið við þessum spurningum er já þá er það eina rétta í stöðunni að kjósa* Flokk fólksins *í komandi kosningum. Með því að kjósa* Flokk fólksins *leggurðu þitt lóð á vogarskálar bjartrar framtíðar Fjallabyggðar, sem mun án nokkurs efa leiða til aukinnar; bjartsýni, fjárfestinga og hækkandi fasteignaverðs.***

Við það að merkja **x** við **F** á kjördag fá kjósendur í kaupbæti, bætt kjör fyrir eldra fólk og markvissum aðgerðum gegn fátækt þannig að landsmenn hafi úr að ráða 450 þús kr. skatta og skerðingarlaust. Flokkur fólksins hefur lagt fram þá ábyrgu tillögu að verið sé að bora tvenn jarðgöng í einu á landinu þar til þessum arðbæru framkvæmdum er lokið. Verum stórhuga og höfum dug og þor til að standa með auknu frelsi og umbótum til hagsbóta fyrir glæstri framtíð Fjallabyggðar.

**Sigurjón Þórðarson oddviti í Norðausturkjördæmi.**

Fjallabyggð

# Alþingiskosningar í Fjallabyggð 30. nóv. 2024

Við kosningar til Alþingis sem fram fara laugardaginn 30. nóvember nk. er skipan í kjördeildir sem hér segir:

**Siglufjörður: Ráðhús Fjallabyggðar, Gránugötu 24.**
**Ólafsfjörður: Menntaskólinn á Tröllaskaga, Ægisgötu 13**

**Kjörfundur mun hefjast kl. 10:00 og standa til kl. 22:00.**

Yfirkjörstjórn Fjallabyggðar hefur yfirumsjón með starfi undirkjörstjórna sem sjá um framkvæmd kosninga í Siglufirði og Ólafsfirði.

Kjósendur eru minntir á að hafa tiltæk persónuskilríki á kjörstað.

Viðmiðunardagur kjörskrár er klukkan 12 á hádegi 29. október. Viðmunardagur kjörskrár segir til um hvar kjósendur eru skráðir á kjörskrá og þá hvar þeir eiga að kjósa. Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskrá. Athugasemdum við kjörskrá skal beint til Þjóðskrár Íslands.

**Kjósendum er einnig bent á vefinn: kosning.is**
**þar sem er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar.**

**Nóvember 2024**
**Yfirkjörstjórn Fjallabyggðar**

**Það eru að bresta á kosningar** og undanfarna daga höfum við verið á ferð um kjördæmið, hitt kjósendur og spurt hvað brenni á þeim.

Það eru ekki öll sem vita að **við þurfum ekki 5% á landsvísu** til að ná inn kjördæmakjörnum þingmanni, og hér í Norðaustur-kjördæmi stendur hreyfingin sterkar en annars staðar á landinu.

Eins heyrum við að **fólk óttast það að rödd náttúruverndar detti út af þingi**. Að eftir kosningar verði engin varúðarsjónarmið gagnvart uppbyggingu fiskeldis, vindmyllugarða eða virkjanaframkvæmda.

Í þessum kosningum heyrum við að margt fólk ætli fyrst og fremst að kjósa út frá efnahagsmálum. **Það er skiljanlegt.** Hins vegar viljum við skora á öll þau sem hafa hugsjón fyrir **náttúruvernd,** friðarhyggju, femínisma og **félagshyggju** að kjósa með þeirri sannfæringu. Við megum ekki tapa þeirri rödd.

- **Höfnum einkavæðingu á auðlindum og innviðum**
- **Friðum Eyjafjörð, Öxarfjörð og Seyðisfjörð**
- **Byggjum upp meðferðarúrræði, geðheilbrigðisþjónustu og skaðaminnkandi úrræði á Norðurlandi**
- **Eflum millilandaflug um Akureyrarflugvöll**
- **Stöndum með kennurum, metum störf þeirra að verðleikum**
- **Veitum afslátt á rafmagni til grænmetisbænda**
- **Sérstakar vaxtabætur til að mæta þungri vaxtabyrði heimila**
- **Upprætum ómannúðlega stefnu gegn fólki á flótta**
- **Styðjum viðskiptaþvinganir á Ísrael**

**VERUM VINSTRA MEGIN**

**x24.vg.is**

# VINSTRI GRÆN

## Í NORÐAUSTURKJÖRDÆMI



| **2. SÆTI**<br>**Jóna Björg Hlöðversdóttir**<br>**bóndi – Kinn, Þingeyjarsveit** | **1. SÆTI**<br>**Sindri Geir Óskarsson**<br>**sóknarprestur – Akureyri** |
|---|---|

Verið velkomin í kosningamiðstöðina okkar Brekkugötu 7.
Þar er viðvera alla daga og hægt að hitta frambjóðendur frá 16:00-18:00.




***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**




Fjallabyggð

# Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2025

## Kristín R. Trampe

hefur hlotið nafnbótina
Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2025

Fjallabyggð, 21. nóvember 2024
Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar


VIÐREISN
vidreisn.is
Breytum
þessu
xC


xM
EINA VÖRNIN GEGN ESB
ER MIÐFLOKKURINN
ÁFRAM ÍSLAND xM
Kynntu þér málin
nánar á miðflokkurinn.is

# LÆGRI SKATTAR
# LÆGRI VEXTIR



## MEIRI
## ÁRANGUR
## FYRIR
## OKKUR
## ÖLL

1.SÆTI JENS GARÐAR

D

Sjálfstæðisflokkurinn | xd.is